

ALMENN GJALDSKRÁ

Ríkisútvarpsins ohf.

fyrir auglýsingabirtingar, kostun og aðra skylda tekjustofna.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007.

RÚV ohf. setur verðskrá þar sem fram koma viðskiptakjör félagsins hverju sinni á grundvelli gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrá þessi er ófrávíkjanleg.

2. gr.

Við ákvörðun viðskiptakjara í verðskrá skal RÚV ohf. gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum félagsins.

Afsláttarkjör og önnur sambærileg kjör, þ.m.t. kostun, fyrir auglýsendur skulu ávallt vera gagnsæ.

3. gr.

RÚV ohf. skal birta á heimasíðu félagsins hverju sinni gildandi verðskrá fyrir hljóðvarp og sjónvarp vegna auglýsinga, kostunar, og annarra skyldra tekjustofna, þ.m.t. möguleg afsláttarkjör hverju sinni.

4. gr.

Við ákvörðun viðskiptakjara samkvæmt gildandi verðskrá hverju sinni skal RÚV ohf. taka mið af birtingartíma, þ.m.t. líklegu áhorfi eða hlustun á tímamarki birtingar, lengd auglýsingar, tegund auglýsingar, og öðrum þeim atriðum sem sérstaka þýðingu geta haft.

5. gr.

Við veitingu afsláttarkjara og sambærilegra kjara til viðskiptavina samkvæmt gildandi verðskrá skal meðal annars tryggja:

- a. að magnafsláttur, svo sem hærri afsláttur (afslættir) vegna mikilla viðskipta, og kaupaukar í einstökum samningum, byggi á viðskiptalegum forsendum, og standi öllum til boða sem eins er ástatt um,



RUV.IS

- b. að veiting afsláttarkjara eða annarra sambærilegra kjara sé ekki bundin óeðlilegum skilyrðum sem geta talist til þess fallin að hafa útilokunaráhrif gagnvart samkeppnisaðilum RÚV ohf. á sjónvarps- og hljóðvarpsmarkaði,
- c. að ekki séu sett óeðlileg skilyrði um samtvinnun viðskipta,
- d. að viðskiptaaðilum sé ekki mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum.

6. gr.

RÚV ohf. er heimilt þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á auglýstri dagskrá eða ófyrirséðrar eftirspurnar á tilteknum birtingartíma, sem raska almennum verðforsendum, að víkja frá gildandi verðskrá.

Þegar svo stendur á skal RÚV ohf. leitast við að tryggja að slík kjör séu aðgengileg öllum viðskiptamönnum félagsins.

Við ákvörðun einstakra viðskiptakjara samkvæmt 1. mgr. skal gætt þeirra sjónarmiða sem fram koma í 5. gr. eftir því sem við á.

7. gr.

Við verðlagningu kostunar skal RÚV ohf. taka mið af birtingartíma, líklegu áhorfi og öðrum sem þeim atriðum sem sérstaka þýðingu geta haft. RÚV ohf. skal á heimasíðu félagsins tiltaka þau sjónarmið sem ráða verðlagningu kostunar, sbr. 3. gr.

Við verðlagningu kostunar samkvæmt 1. mgr. skal gætt þeirra sjónarmiða sem fram koma í 5. gr. eftir því sem við á.

Óheimilt er að samvinna auglýsingar og kostun, þ.m.t. með fríbirtingum.

8. gr.

Stjórn RÚV ohf. hefur eftirlit með því að gjaldskrá þessari sé framfylgt, þ.m.t. við setningu verðskrár.

9. gr.

Gjaldskrá þessi skal sæta endurskoðun eftir því sem ástæða er til, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

10. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á stjórnarfundum RÚV ohf. þann 26. nóvember 2008 og tekur þegar gildi.